



Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið

Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 23. desember 2022
USK22122982

Efni: Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar um drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs

Vísað í drög að reglugerð um meðhöndlun úrgangs í samráðsgátt frá 8. desember þar sem óskað er eftir umsögn.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar (USK) tekur undir athugasemdir og ábendingar sem fram koma í umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um drögin, dags. 22.12.2022.

Markmiðasetning og tölfraði

Að mati USK þarf að auka á skýrleika reglugerðarinnar varðandi hver ber ábyrgð á því að skilgreind markmið náist fyrir einstaka flokka úrgangs sem tilgreindir eru í 10. gr., þó í mörgum tilfella sé það sveitarfélaganna að tryggja móttöku úrgangsins. Mikilvægt er fyrir sveitarfélög að hafa aðgengi að skýrri og áreiðanlegri tölfraði í öllum flokkum úrgangs sem fellur til í sveitarfélaginu til að hægt sé að gefa rétta mynd af stöðu úrgangsmála í sveitarfélaginu. Sveitarfélög nýta einnig úrgangstölfraði í öðrum verkefnum. Sem dæmi nýtir Reykjavíkurborg tölfraði um magn úrgangs í vinnu við loftslagsáætlun borgarinnar, við innleiðingu á staðli ISO 37120 um sjálfbærar borgir auk þess sem litið er til markmiða og vænts árangurs við mat á hæfi verkefna tengdum úrgangsstjórnun til þess að vera fjármögnuð með grænum skuldabréfum. Sú tölfraði sem stuðst er við hefur byggt á mati og áætlunum og hefur verið erfitt að sannreyna tölur.

Heimildir til að setja kröfur til að bæta aðgengi starfsfólks við sorphirðu

Umhverfis- og skipulagssvið vill draga fram mikilvægi þess að sveitarfélög fái skýrar heimildir til að setja í samþykkt um meðhöndlun úrgangs kröfur um gott aðgengi að sorphilátum til að bæta vinnuaðstæður starfsfólks, sérstaklega þar sem 10. gr. laga um meðhöndlun úrgang tilgreinir að sérstök söfnun við heimili skuli fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila. Í byggingareglugerð nr. 112/2012 segir að sorphirði/sorphskýli skuli ekki vera fjær inngangi byggingar en sem svarar 25 m. Engin ákvæði eru í reglugerð um staðsetningu út frá aðkomu sorphirðubíls eða hámarks göngufjarlægð starfsfólks og eru til mörg dæmi um þess að gönguleið starfsfólks sé talsvert lengri en íbúa, sem svo margfaldast með fjölda íláta við húsið. Reykjavíkurborg hefur í rúman áratug innheimt gjald fyrir viðbótarþjónustu vegna sorphiláta sem standa lengra en 15 metra inni á lóð eða sk. „skrefagjald“. Slíkt gjald er í dag lagt á um fjórðung af sorphilátum í borginni, en ljóst er að gönguleið að mörgum ílátum er oft umtalsvert lengri en sem nemur 15 metrum. Að mati USK myndi heimild til að gera kröfur um gerð og staðsetningu íláta, og aðkomu hirðubíls skila ávinningi í bættum vinnuaðstæðum starfsfólks við sorphirðu.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

Friðrik Gunnarsson

Friðrik Gunnarsson,
skrifstofa umhverfisgæða

